

Skýrsla

dómsmálaráðherra um Sýslumenn – Framtíðarsýn; umbætur á þjónustu og rekstri.

Seinustu ár hafa sýslumannsembættin staðið frammi fyrir ýmsum áskorunum vegna tækniframfara í samfélaginu. Svo embættunum takist að fylgja eftir þróuninni þykir ljóst að styrkja þurfi tækniinnviði og rekstrarumhverfið næstu árin, með það að markmiði að skapa embættunum svigrúm til að takast á við breytingarnar.

Í lok árs 2018 hófu dómsmálaráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið undirbúning að verkefni um endurmat útgjalda (e: spending review) sýslumannsembættanna. Tilfnið var ekki síst sá rekstrarvandi sem embættin höfðu glímt við árin á undan og áskoranir við að bæta þjónustuna til lengri tíma litið. Verkefnislýsingin byggðist annars vegar á greiningu þess sem þótti mikilvægt að breyta, svo sem verklagi eða framkvæmd verkefna, og hins vegar greiningu rekstrar og þjónustu. Þótt vinnunni við endurmatið hafi ekki lokið, leiddi verkefnið af sér gagnlegar greiningar sem nýttar voru við samningu þessarar skýrslu.

Eftir að vinnunni við endurmat útgjalda var hætt tók við stefnumótunarvinna fyrir sýslumannsembættin. Sú framtíðarsýn sem var mótuð fyrir sýslumannsembættin felur í sér að þar verði veitt framúrskarandi þjónusta, allt eftir þörfum og óskum almennings hverju sinni. Þjónustan skal vera skilvirk og vönduð og innt af hendi með þeim hætti sem einstaklingar óska hverju sinni, svo sem með rafrænu umsóknarferli og sjálfsafgreiðslu, í gegnum netspjall eða með aðstoð starfsmanns á staðnum. Að auki skal unnið að því að samhæfa ásýnd embættanna og stuðla að því að verkefnum verði sinnt með hagkvæmni að leiðarljósi. Fyrirliggjandi gögn bentu til þess að ýmis tækifæri væru fyrir hendi til að ná fram sparnaði í rekstri og því þótti mikilvægt að bera kennsl á þau og endurhugsa fyrirkomulagið með tilliti til breyttra aðstæðna í samfélaginu.

Til stuðnings framangreindri framtíðarsýn málaflokksins hefur ráðuneytið sett fram eftirfarandi þrjú meginmarkmið og aðgerðir þeim til stuðnings:

1. Meginmarkmið um bætta þjónustu

Mikilvægt er að skilgreina sýslumannsembættin sem þjónustustofnun og líta á starfsemina sem eitt þjónustusvæði, þar sem nálgast má þjónustu embættanna hvar og hvenær sem er, allt eftir óskum og þörfum almennings.

2. Meginmarkmið um bætta stjórnun og rekstur

Styrkja þarf Sýslumannaráð með því að tryggja því ótvírætt umboð til athafna. Mikilvægt er að Sýslumannaráð hafi vald til þess að taka af skarið í mikilvægum verkefnum sem varða öll embættin og að það verði leiðandi í stefnumótun og verkefnum málaflokksins.

3. Meginmarkmið um aukið framboð þjónustu

Vinna þarf aðgerðaáætlun um þau verkefni sem fela á sýslumönnum í samræmi við framtíðarsýn málaflokksins og áherslur um aukið framboð opinberrar þjónustu í héraði.

Markmiðunum verður fylgt eftir með því að efla bæði stafræna þjónustu og Sýslumannaráð, ásamt því að endurskoða löggjöfina sem um verkefnin og umdæmismörk embættanna gilda. Skýrslan byggir á því að ráðuneytið og sýslumenn munu áfram vinna náið saman með framangreind markmið í huga og að þjónustuupplifunin verði mikilvægur þáttur sem endurspeglar í þeim stefnum og ákvörðunum sem fylgja í kjölfar útgáfu skýrslunnar.



Mars 2021

Sýslumenn

Framtíðarsýn; umbætur á
þjónustu og rekstri

1. Stjórnarráð Íslands

Dómmentarabréfið

Útgefandi:

Dómsmálaráðuneytið

Mars 2021

dmr@dmr.is

www.dmr.is

Umbrot og textavinnsla:

Dómsmálaráðuneytið

© 2020 Dómsmálaráðuneytið

ISBN 978-9935-496-06-5

Efnisyfirlit

Útdráttur	5
1. Framtíðarsýn	6
2. Endurmat útgjalda	7
3. Hlutverk sýslumanna og tækifæri til breytinga	8
3.1 Löggjöfin	8
3.2 Framboð þjónustu.....	9
3.3 Verkefni sýslumanna	11
3.3.1 Kjarnaverkefni	11
3.3.2 Sérverkefni	12
3.4 Aukið framboð opinberrar þjónustu.....	12
3.5 Málsmeðferðin hjá sýslumönnum.....	13
3.6 Samantekt.....	17
4. Rekstrargjöld sýslumannsembættanna	20
4.1 Laun starfsmanna	21
4.2 Aukin sérhæfing á landsvísu.....	21
4.3 Aðkeypt þjónusta.....	23
4.4 Húsaleiga	24
4.5 Samantekt.....	25
5. Umbótaverkefni	27
5.1 Meginmarkmið um bættu þjónustu.....	27
5.2 Meginmarkmið um bættu stjórnun og rekstur.....	29
5.3 Meginmarkmið um aukið framboð þjónustu.....	30
6. Viðauki: Sérverkefni sýslumanna	31
6.1 Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu.....	31
6.2 Sýslumaðurinn á Vesturlandi.....	31
6.3 Sýslumaðurinn á Vestfjörðum.....	31
6.4 Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra	31
6.5 Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra	32
6.6 Sýslumaðurinn á Austurlandi	32
6.7 Sýslumaðurinn á Suðurlandi.....	33
6.8 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	33
6.9 Sýslumaðurinn á Suðurnesjum.....	33

Myndaskrá

Mynd 1. Hlutfallsleg skipting rekstrargjalda 2018.....	20
Mynd 2. Hlutfall af samtölu allra málaflokka	22

Töfluskrá

Tafla 1. Ársverk eins og þau koma fyrir í launatöflu í lok árs 2019.....	10
Tafla 2. Rafræn sakavottorð.....	14
Tafla 3. Dæmi um verkefni - afgreiðsla veðbókarvottorða árið 2018.....	14
Tafla 4. Dæmi um verkefni - einfaldar úrlausnir árið 2018.....	15
Tafla 5. Dæmi um ýmis verkefni sýslumannsembættanna.....	17
Tafla 6. Skipting rekstrargjalda 2018.....	20
Tafla 7. Fjöldi fjölskyldu-, dánarbús-, fjárnáms- og nauðungarsölumála ásamt fjölda þinglýstra skjala árið 2018.....	22
Tafla 8. Aðkeypt hugbúnaðarþjónusta.....	23
Tafla 9. Aðkeypt þjónusta frá Þjóðskrá - helstu þjónustuliðir.....	24
Tafla 10. Sundurliðun gjalda vegna húsnæðis embættanna.....	25

Útdráttur

Seinustu ár hafa sýslumannsembættin staðið frammi fyrir ýmsum áskorunum, sem að miklu leyti má rekja til tækniframfara í samfélaginu. Svo embættunum takist að fylgja eftir þróuninni þykir ljóst að styrkja þurfi tækniinnviði og rekstrarumhverfið næstu árin, með það að markmiði að embættin geti aukið svigrúm í rekstri, bætt þjónustuna og aukið skilvirkni við framkvæmd starfana. Af þeirri ástæðu var ráðist í heildstæða greiningu á starfsemi sýslumanna, sem tekur fyrst og fremst til verklags og reksturs. Bent er á að skýrslan felur ekki í sér ákveðna niðurstöðu um hagræðingarmöguleika, heldur samantekt um stöðuna og atriði sem þarfnast nánari skoðunar svo bæta megi úr stöðunni og gera þjónustuna skilvirkari. Mikilvægt er að frekari greiningarvinna eigi sér stað og að ráðuneytið og sýslumenn vinni jöfnum höndum að innleiðingu verkefna sem talin eru líkleg til að bera árangur.

Stærsti hluti rekstrargjalda sýslumannsembættanna fer í launagreiðslur og launatengd gjöld og þar á eftir koma aðkeypt þjónusta og húsnæði. Ýmsir möguleikar eru fyrir hagræðingu framangreindra þátta og þar af leiðandi sparnað í rekstri sem nýta má til styrkingar embættanna.

Í fyrsta kafla er fjallað um áherslur ráðuneytisins fyrir sýslumannsembættin, sem byggist á framtíðarsýn málaflokksins. Í öðrum kafla er fjallað um verkefnið sem varð kveikjan að þeirri greiningu sem liggur til grundvallar skýrslunni, þ.e. verkefnið við endurmat útgjalda, framkvæmd og markmið þess. Þriðji og fjórði kafla þessarar skýrslu eru þeir umfangsmestu en í þeim fyrri er fjallað um hlutverk og verkefni sýslumanna og tækifæri til umbóta, en sá seinni inniheldur umfjöllun um rekstrargjöld embættanna. Í fimmta kafla er að finna umfjöllun um þau atriði sem krefjast nánari skoðunar og eru líkleg til að bæta stöðu embættanna. Að lokum er í viðauka að finna upptalningu á þeim sérverkefnum sem sýslumannsembættin sinna á landsvísu.

1. Framtíðarsýn

Framtíðarsýn fyrir sýslumannsembættin felur í sér framúrskarandi þjónustu sem veitt er óháð búsetu og staðsetningu, hvar og hvenær sem er, eftir því sem hentar almenningi hverju sinni.

Þjónusta embættanna skal vera skilvirk og vönduð og innt af hendi með þeim hætti sem einstaklingar óska hverju sinni, svo sem með sjálfsafgreiðslu, í gegnum netspjall eða með aðstoð starfsmanns á staðnum. Rétt er að samhæfa ásýnd embættanna og tryggja að verkefnum sé sinnt með hagkvæmni að leiðarljósi. Hagkvæmnin felst ekki eingöngu í góðri meðferð á opinberu fjármagni heldur ekki síður í góðri þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki. Embættin búa við þann kost að hafa innan sinna raða vel þjálfað starfsfólk sem tekst á við fjölbreytt verkefni og hefur burði til þess að aðstoða alla þá sem þarfnast þjónustu hins opinbera.

Sýslumenn eru þjónustumiðstöðvar stjórnsýslu ríkisins í héruðum landsins og eiga að tryggja gott aðgengi að opinberri þjónustu. Embættin verði þannig málsvavar annarra stofnana eftir því sem við á og standi fyrir fagmennsku og vönduðum vinnubrögðum.

Mikilvægt er að unnið verði að stefnumótun í samstarfi við sýslumenn sem byggist á framangreindum markmiðum, auk þess að embættin greini nánar eigin tækifæri og leiðir til að ná þeim markmiðum. Þjónustuupplifunin er þar mikilvægur þáttur sem hafa þarf að leiðarljósi. Þá er jafnframt nauðsynlegt að horfast í augu við breyttar aðstæður og bjóða almenningi í auknum mæli upp á nýjungar í þjónustu, ekki síst með stafrænum hætti.

Aukið framboð sjálfsafgreiðslna og sjálfvirkni við framkvæmd starfans mun óneitanlega hafa áhrif á starfsemi embættanna næstu árin. Það er því mikilvægt að starfsfólk embættanna taki virkan þátt í þeirri framþróun sem fylgir tækniframförum og móti framsækna stefnu sem endurspeglar breyttar áherslur embættanna og mæti þörfum þeirra sem þurfa á þjónustu embættanna að halda.

2. Endurmat útgjalda

Í lok árs 2018 var, að frumkvæði fjármála- og efnahagsráðuneytisins, hafinn undirbúningur að verkefni um endurmat útgjalda (e: spending review) sýslumannsembættanna. Tilfnið var ekki síst sá rekstrarvandi sem embættin höfðu glímt við árin á undan og þær áskoranir sem þau standa frammi fyrir vegna tækniframfara, auk þess sem ástæða þótti til að leita leiða til að styrkja rekstrarumhverfi embættanna og bæta þjónustuna til lengri tíma litið.

Verkefnið felst í heildstæðri greiningu og endurskipulagningu á starfsemi embættanna með það að markmiði að laga rekstur þeirra og greina kerfisbundið útgjöld til málaflokkanna. Annars vegar er um að ræða greiningu á því hvar rökrétt er að gera breytingar, svo sem á verklagi eða framkvæmd verkefna, og hins vegar greiningu rekstrar og þjónustu. Við framkvæmd greiningarinnar þótti mikilvægt að flokka verkefnin út frá eðli þjónustunnar, með tilliti til þess hversu sjálfvirk þau gætu orðið. Mörg verkefni sýslumanna eru þess eðlis að þau krefjast nálægðar við borgarana og kalla á mannleg samskipti, en önnur verkefni krefjast aftur á móti ekki staðbundinnar afgreiðslu og bjóða því upp á tækifæri fyrir stafræna málsmeðferð og miðlæga vinnslu á landsvísu. Dæmi um málaflokka sem falla hér undir eru þinglýsingar, leyfisveitingar og gjöld og innheimta.

Samhliða greiningu á rekstri hafa verið kannaðir möguleikar á flutningi nýrra verkefna til embættanna, með það að markmiði að bæta aðgengi almennings að opinberri þjónustu. Ráðuneytið mun áfram vinna úr þeim hugmyndum sem fram komu við greininguna, í samræmi við þá stefnu sem var mörkuð við undirbúning sameiningar embætta í ársbyrjun 2015, sbr. athugasemdir frumvarps að lögum nr. 40/2015 og skýrslu forsætisráðuneytisins og innanríkisráðuneytisins frá janúar 2015 um flutning verkefna til sýslumannsembætta.

Eins og fyrr greinir er þessari skýrslu ekki ætlað að fela í sér ákveðna niðurstöðu um hagræðingarmöguleika, heldur ábendingar um hin ýmsu atriði sem krefjast nánari skoðunar til að ná framangreindum markmiðum. Þannig er miðað við að dómsmálaráðuneytið og sýslumenn muni í kjölfarið vinna nánar að umbótum fyrir málaflokkinn og eftir atvikum vinna að breytingum sem teljast skynsamur út frá sjónarmiðum um bættu þjónustu og rekstur.

Verkefnið var í upphafi unnið sem samvinnuverkefni dómsmálaráðuneytisins og fjármála- og efnahagsráðuneytisins og var vinnuhópur skipaður af starfsmönnum þeirra auk starfsmanns Sýslumannaráðs. Vegna breyttra aðstæðna endaði dómsmálaráðuneytið á að semja þessa skýrslu, með þeirri breytingu að áhersla yrði lögð á bættu þjónustu embættanna. Notast var við gögnin sem lágu til grundvallar fyrri vinnu við endurmat útgjalda sýslumannsembættanna.

3. Hlutverk sýslumanna og tækifæri til breytinga

Sýslumannsembætti landsins fara með framkvæmdarvald og stjórn-sýslu ríkisins í héraði og eru valdmörk hvers embættis ákveðin í lögum nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórn-sýslu ríkisins í héraði og reglugerð nr. 1151/2014 um umdæmi sýslumanna. Þar sem um er að ræða stjórnvöld sem hafa á hendi fjölbreytt verkefni, allt frá einföldum staðfestingum til ákvarðanatöku um réttindi og skyldur aðila, eru sýslumenn bundnir m.a. af lögmatísreglu stjórn-sýsluréttarins. Valdheimildir embættanna byggja á lögum, bæði fyrrgreindum lögum nr. 50/2014 og sérlögum, og verða ákvarðanir þeirra að hafa stoð í lögum. Sú staða takmarkar að vissu leyti tækifæri embættanna til að þjónusta borgara landsins óháð búsetu og því er mikilvægt að greina nánar hindranirnar og úrræði til að eyða þeim úr vegi, séu ekki málefna-legalar ástæður til að viðhalda óbreyttu fyrirkomulagi. Með útbreiddri notkun tækninnar, bæði hjá sýslumönnum og almenningi, skapast tækifæri til endurskoðunar á valdmörkum stjórnvalda og þar með framboði þjónustunnar. Ljóst þykir að því útbreiddari sem framboð raf-rænnar og stafrænnar þjónustu er, því minna máli skiptir staðsetning embættis og þjónustuþega.

Svo unnt sé að meta tækifæri sýslumanna til breytinga, með það að markmiði að bæta þjónustuna gagnvart almenningi, þarf að byrja á því að greina þarfir notenda ásamt núverandi lagaheimildum, eðli verkefnanna og stjórn-sýsluframkvæmdina, sem og starfsemi embættanna almennt. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir þeim atriðum.

3.1 Löggjöfin

Um stjórn-sýslu og skipulag sýslumannsembætta gilda lög nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórn-sýslu ríkisins í héraði. Samkvæmt 1. gr. laganna fara sýslumenn með framkvæmdarvald og stjórn-sýslu ríkisins í héraði, hver í sínu umdæmi, eftir því sem lög og reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um. Þar á meðal fara þeir með innheimtu opinberra gjalda, að því leyti sem hún er ekki falin öðrum. Ráðherra skipar sýslumenn til fimm ára í senn og skulu þeir uppfylla sérstök hæfisskilyrði, sbr. 3. gr. laganna, auk almennra hæfisskilyrða til þess að hljóta skipun í embætti á vegum ríkisins. Í 4. gr. er einnig að finna heimild til handa ráðherra að fela sýslumanni framkvæmd verkefna á landsvísu og heimild sýslumanna til að annast, með samþykki ráðherra, framkvæmd verkefna fyrir aðrar ríkisstofnanir eða stjórnvöld með sérstökum samningi.

Landið skiptist í níu umdæmi sýslumanna og heyra embættin undir málefnasvið 10 sem er á ábyrgð dómsmálaráðherra. Ráðherra ákveður umdæmamörk sýslumannsembætta með hliðsjón af skipulagi annarrar opinberrar þjónustu í umdæminu og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtök sveitarfélaga og viðkomandi sýslumenn. Fjallað er um umdæmi sýslumanna og skipulag þeirra í 1. gr. reglugerðar nr. 1151/2014. Í 3. gr. reglugerðarinnar er að finna ákvæði um að skylt sé að veita alla lögbundna þjónustu sýslumanna á aðal- og sýsluskrifstofum, en í útibúum ákveði sýslumenn sjálfir hvaða þjónustu skuli veita. Í reglugerðinni er jafnframt að finna heimild til að reka útibú í samstarfi við sveitarfélagið þar sem útibúið er staðsett, enda felist ekki í því framsal á framkvæmd lögbundinna embættisverka sýslumanna. Hefur í einhverjum tilfellum verið samið við sveitarfélög um slíka samnýtingu starfsmanna, almennt með góðum árangri.

Samkvæmt forsetaúrskurði nr. 119/2018, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, falla verkefni sýslumannsembættanna undir yfirstjórn sjö ráðuneyta, þ.e. dómsmálaráðuneytis, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Verkefnin eru misumfangsmikil, allt frá því að sinna umboðsstörfum fyrir aðrar stofnanir og til þess að bera ábyrgð á stjórnsýsluframkvæmd á lægra stjórnsýslustigi. Flest verkefnin heyra undir dómsmálaráðuneytið, sem fer jafnframt með yfirstjórnunar- og eftirlitsheimildir með embættunum skv. 30. tölul. 3. gr. forsetaúrskurðarins.

3.2 Framboð þjónustu

Um landið allt eru samtals 26 starfsstöðvar sem skiptast í níu aðalskrifstofur, níu aðrar sýsluskrifstofur sem einnig veita fulla þjónustu og átta útibú sem veita lágmarksþjónustu, svo sem móttöku eyðublaða og upplýsingagjöf. Þá hafa tvö embætti jafnframt samið við sveitarfélög innan umdæmanna um samnýtingu starfsmanna til að geta boðið upp á grunnþjónustu fyrir íbúa svæðisins. Umdæmi sýslumanna eru misstór og samanstanda af sex víðfeðmum og dreifbýlum umdæmum (Vesturland, Vestfirðir, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland og Suðurland) og þremur sem eru að mestu staðbundin (höfuðborgarsvæðið, Suðurnes og Vestmannaeyjar). Leiðirnar frá byggðasamlögum sem almenningur þarf að fara eftir þjónustunni á næstu sýsluskrifstofu innan umdæmisins eru mislangar, allt frá fáeinum metrum til u.þ.b. 200 km., þ.e. vegalengdin frá Bakkafirði til Húsavíkur. Með auknu framboði rafrænnar og stafrænnar þjónustu, þykir mega endurskoða núverandi skipulag starfsstöðva sýslumannsembættanna og kanna möguleikana á frekari breytingum, þ. á m. auknu samstarfi við sveitarfélögin.

Samkvæmt fyrirleggjandi upplýsingum var heildarfjöldi stöðugilda sýslumannsembættanna við upphaf árs 2020 samtals 235, þar af 74 lögfræðingar og sérfræðingar og 161 skrifstofumaður. Samsetning mannauðs er frekar einsleit og búa flest embættin t.d. við þá stöðu að skorta sérfræðiþekkingu á mikilvægum sviðum, svo sem félagsþjónustu og mannauðs-, upplýsingatækni-, rekstrar- og skjalamállum, og þurfa því eftir atvikum að reiða sig á utanaðkomandi aðila eða sjálfsmenntun starfsmanna. Samkvæmt sérfræðigreiningu sem fram fór árið 2017 er meðalaldur starfsmanna frekar hár, sérstaklega á meðal skrifstofufólks á landsbyggðinni, og starfsmannavelta er lítil. Við greiningarvinnuna kom jafnframt fram að ef embættin myndu samnýta stoðþjónustu þeirra í auknum mæli, svo sem með sameiginlegri símsvörun, bókfærslu o.fl., mætti ná fram hagræðingu fyrir málaflokkinn og um leið bæta þjónustuna við almenning.

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu starfsmanna niður á störf og starfsstöðvar sýslumannsembættanna í lok árs 2019:

Embætti	Starfsstöð	Sýslumenn, lögfræðingar og sérfræðingar	Skrifstofufólk	Samtals
Höfuðborgarsvæðið	Kópavogur	40,66	53,98	94,64
Vesturland	Akranes	0	4,5	4,5
	Borgarnes	1	2,5	3,5
	Stykkishólmur	3	4,05	7,05
	Búðardalur	0	0,5	0,5
Norðurland vestra	Blönduós	2	16	18
	Sauðárkrókur	1	4	5
Norðurland eystra	Akureyri	4	8	12
	Húsavík	2	4	6
	Siglufjörður	2	2,88	4,88
Vestfirðir	Ísafjörður	2	9,5	11,5
	Patreksfjörður	0,8	3	3,8
	Hólmavík	0	0,5	0,5
	Bolungarvík	0	1,12	1,12
Austurland	Seyðisfjörður	2	4,37	6,37
	Eskifjörður	0	2,54	2,54
	Egilsstaðir	1	0,9	1,9
	Vopnafjörður	0	0,5	0,5
Suðurland	Selfoss	3	9,49	12,49
	Hvolsvöllur	1	3,5	4,5
	Vík	0	3,8	3,8
	Höfn	1	2,5	3,5
Suðurnes	Keflavík	6	14	20
	Grindavík	0	0,68	0,68
Vestmannaeyjar	Vestmannaeyjar	1,5	4,26	5,76
Samtals		73,96	161,08	235,04

Tafla 1. Ársverk eins og þau koma fyrir í launatöflu í lok árs 2019.

Bent er á að við útgáfu skýrslunnar hafa breytingar orðið á starfsmannafjölda sýslumannsembættanna.

3.3 Verkefni sýslumanna

Verkefni sýslumannsembættanna eru fjölbreytt og varða oft og tíðum ýmis mikilvæg persónuréttindi sem varða einstaklingana miklu. Verkefnunum er almennt skipt í tvennt, annars vegar kjarnaverkefni sem hver sýslumaður fer með innan síns umdæmis og hins vegar sérverkefni á landsvísu. Tækifærin fyrir breytt verklag eru mismikil eftir því hvort um er að ræða kjarna- eða sérverkefni og að hvaða leyti rafræn meðferð mála fer saman við eðli þeirra eða er heimiluð með lögum að óbreyttu. Aukið framboð rafrænna lausna þykir hins vegar líklegt til að bæta þjónustuna og stuðla að hagræðingu í rekstri og því er talið mikilvægt að ganga eins langt og mögulegt er við innleiðingu þeirra.

3.3.1 Kjarnaverkefni

Kjarnaverkefni sýslumanna einkennast að jafnaði af staðbundinni þjónustu, oft með formlegum fyrirtökum og færslum í gerðabækur, þar sem málsmeðferðin byggist að jafnaði á pappírskerfum. Þótt núverandi löggjöf setji vissar skorður við því hvaða verkþætti megi færa yfir í rafrænt eða stafrænt form, er ekki útilokað að lagabreytingar geti breytt því eða að lágmarki opnað á að hluti verkferla færist yfir í rafrænt form. Flest þessara kjarnaverkefna eru skv. 1. mgr. 2. gr. stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993, undanskilin gildissviði IX. kafla laganna og því er þörf á lagabreytingum ef ætlunin er að innleiða í auknum mæli nútímalegri stjórnarsýsluframkvæmd.

Helstu kjarnaverkefni sýslumanna eru meðferð fjölskyldumála, lögræðismála og dánarbúa, framkvæmd þinglýsinga, nauðungarsala og fullnustugerðir, auk útgáfu ýmissa leyfa, skírteina og staðfestinga. Þá fara embættin öll með umboð fyrir Tryggingastofnun ríkisins og utan höfuðborgarsvæðisins fara sýslumenn að auki með innheimtu opinberra gjalda, umboð fyrir Sjúkratryggingar Íslands og ýmis önnur verkefni í umboði annarra ríkisstofnana, svo sem Útlendingastofnunar og Samgöngustofu. Eðli verkefnanna er mismunandi og krefjast sum þeirra náninna samskipta við borgarana, þ.e. afgreiðslu „yfir borðið“, og eru ástæðurnar ýmsar. Dæmi um slík verkefni eru fjölskyldumál, vegabréfsumsóknir og sáttameðferð. Þá gegna embættin jafnframt veigamiklu hlutverki við veitingu leiðbeininga til borgaranna, verandi miðlægjar stjórnarsýslustofnanir ríkisins í héruðum landsins.

Margvísleg tækifæri eru talin vera til staðar hjá sýslumönnum fyrir frekari framþróun og breytingar á verklagi, þannig að embættin uppfylli þau markmið sem m.a. lágu til grundvallar frumvarpi er varð að lögum nr. 50/2014, þ.e. að sýslumannsembættin gegni því hlutverki að vera miðstöðvar stjórnarsýslu ríkisins í héruðum landsins. Þá er jafnframt talið mikilvægt að endurskoða framkvæmdina sem byggist að miklu leyti á löggjöf sem samin var í kringum aðskilnað dómsvalds og framkvæmdarvalds árið 1992, enda hafi þarfir almennings breyst

verulega með tækniframförum. Mikilvægt er að löggjöfin sem varðar kjarnaverkefni sýslumanna endurspegli sem best ríkjandi tíðaranda og þarfir almennings, þannig að þau hamli ekki nauðsynlegri framþróun embættanna.

3.3.2 Sérverkefni

Sérverkefnin sem sýslumenn sinna eru mismunandi, bæði eðli þeirra og umfang. Verkefnin eiga það sammerkt að landfræðileg lega skiptir litlu sem engu máli, hvorki gagnvart almenningi né fyrir starfsmennina, og því er almennt unnt að vinna þau hvar sem er á landinu. Við framkvæmd sérverkefna hafa sýslumenn verið að beita tækninni í ríkari mæli en áður var, þó nýting hennar takmarkist að jafnaði við samskipti með símtækjum og tölvupóstum. Þótt frekari greiningar sé þörf má draga þá ályktun miðað við núverandi verkferla og löggjöf, að ýmis tækifæri séu fyrir rafrænar lausnir í málsmeðferðinni.

Sum sérverkefnanna eru þess eðlis að rétt þykir að þau séu á hendi eins sýslumanns til að tryggja samfellu og samræmi í framkvæmd, auk þess að löggjöfin sem um þau fjalla býður í vissum tilfellum beinlínis upp á rafræna málsmeðferð, sbr. t.d. lög nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Í viðauka er að finna upptalningu á þeim sérverkefnum sem hvert sýslumannsembætti sinnir á landsvísu.

3.4 Aukið framboð opinberrar þjónustu

Ráðuneytið hefur undanfarið greint tækifærin til að bæta þjónustu sýslumannsembættanna með því að fela þeim ný og aukin verkefni. Með því að fjölga verkefnum sýslumanna má stuðla að því að almenningur hafi betra aðgengi að opinberri þjónustu í heimabyggð, auk þess að sú breyting festir enn frekar í sessi það hlutverk sýslumanna að vera miðstöð stjórnsýslu í héraði. Þannig má gera stjórnsýslu ríkisins aðgengilegri og notendavænni og tryggja jafnt aðgengi einstaklinga að opinberri þjónustu óháð búsetu. Sýslumenn gætu sem dæmi sinnt í auknum mæli verkefnum sem krefjast nálægðar við borgarana, hvort sem það yrði vegna þeirra eigin verkefna eða í umboði annarra ríkisstofnana.

Dómsmálaráðuneytið heldur til haga hugmyndum að nýjum verkefnum sem ástæða þykir til að kanna nánar hvort fela megi sýslumönnum, ýmist einu embætti eða þeim öllum, og byggjast þær á greiningu ráðuneytisins og hugmyndum sýslumanna. Mikilvægt er að huga að flutningi verkefna í héruð landsins með skipulögðum hætti, að undangenginni greiningu sem byggist m.a. á hagrænum þáttum, og að hugmyndirnar verði skoðaðar nánar með öðrum ráðuneytum, sýslumönnum og öðrum stofnunum. Almennt er ekki talið forsvaranlegt að grípa til róttækra breytinga á verkefnum embættanna meðan unnið er að innleiðingu rafrænna

lausna fyrir framkvæmd þeirra og því er miðað við að skipta þurfi aðgerðinni upp í fleiri áfanga og láta tímann vinna með sýslumannsembættunum.

Hugmyndirnar eru fjölbreyttar og misauðveldar í útfærslu. Hluti þeirra varðar ný og ólögfest verkefni, en annar hluti varðar verkefni sem heyra nú þegar undir önnur stjórnvöld samkvæmt lögum. Mikilvægt er að greina hagræðingarmöguleika á því að flytja hin síðarnefndu verkefni að hluta eða að fullu frá öðrum stofnunum til sýslumanna á landsbyggðinni, enda búi hluti embættanna yfir vannýttum og ódýrum húsnæðiskosti ásamt því að slíkar breytingar gætu styrkt dreifðari byggðir með auknu atvinnuframboði. Þá er jafnframt mikilvægt að byggja ákvarðanatöku um verkefnaflutning á því sjónarmiði að búseta einstaklinga eigi almennt ekki að hafa áhrif á aðgengi að grunnþjónustu hins opinbera. Að framangreindu virtu telur dómismálaráðuneytið forsendur þegar vera til staðar svo unnt sé að raungera einstaka hugmyndir og færa sýslumönnum ný verkefni.

3.5 Málsmeðferðin hjá sýslumönnum

Löggjöfin og framkvæmdin sem gildir um kjarnaverkefni sýslumanna miðar almennt við að málsaðilar mæti á fund fulltrúa sýslumanna, þar sem málin eru tekin fyrir og eftir atvikum ákvörðun færð til bókar. Vinnslan fer að jafnaði fram á pappír og sýslumenn skortir bæði heimild og tækja- og hugbúnað til að geta boðið upp á stafræna þjónustu. Verklagið skýrist fyrst og fremst af því að núgildandi löggjöf hefur ekki fylgt þeirri framþróun sem átt hefur sér stað undanfarið í stjórn-sýslunni vegna bættrar tölvutækni. Þá einkennast embættisverkin jafnframt af dómsathöfnum, enda hefur löggjöfin að mestu haldist óbreytt frá aðskilnaði dómsvalds og umboðsvalds í héraði árið 1992. Regluverkið þarfnast því að vissu leyti endurskoðunar þar sem það samrýmist að hluta illa nútíma stjórn-sýsluháttum.

Þrátt fyrir framangreindar hindranir þykir ljóst að tækifæri séu fyrir hendi fyrir innleiðingu a.m.k. hluta rafrænna lausna fyrir málsmeðferðina. Mikilvægt er að greina möguleikana nánar og grípa tækifærin sem fylgja tækninýjungum, svo sem notkun fjarskiptabúnaðar og miðlun gagna, meðan unnið er að endurskoðun laga.

Frumgreining á verklagi kjarnaverkefna sýslumanna leiðir í ljós að hluti afgreiðslunnar felst í útprentunum vottorða og staðfestinga sem hæglega væri hægt að heimila umsækjanda að afgreiða sjálfur. Dæmi um verkefni af þessum meiði eru afgreiðsla veðbókarvottorða, yfirlit um framvindu skipta og móttaka ýmissa greiðslna. Þegar hefur verið opnað fyrir sjálfsafgreiðsluvef rafrænna sakavottorða (einkavottorð) og eftir aðeins fáeina mánuði í notkun er hlutfall þeirra einstaklinga sem kjósa að afla vottorðanna sjálfir með rafrænum hætti þegar orðið hærra en þeirra sem sækja vottorðið á næstu sýsluskrifstofu. Þykir sú staðreynd renna enn frekari stoðum undir þá ályktun að almenningur vilji geta nýtt sér

Þjónustu sýslumannsembættanna með öðrum leiðum en hingað til hefur verið í boði og hvenær sem er sólarhringsins, óháð staðsetningu. Mikilvægt er að embættin bregðist við því ákalli og mæti þörfum borgaranna þar sem löggjöfin hindrar ekki slíkt.

Mánuður ársins 2020	Rafrænt	Handvirkt	Hlutfall rafrænt
Maí	0	934	
Júní	1	851	0%
Júlí	344	512	40%
Ágúst	568	505	53%
September	600	548	52%
Október	154	111	58%
Samtals	1.667	3.461	

1. Tafla 2. Rafræn sakavottorð.

Á eftirfarandi töflu má sjá í dæmaskyni fjölda útgefinna veðbókarvottorða árið 2018 sem einstaklingar gætu sótt sér sjálfir með sambærilegum hætti og sakavottorðin. Um er að ræða mikinn fjölda á hverju ári sem í vissum tilfellum krefst, miðað við óbreytta verkferla, aðkomu tveggja starfsmanna. Ef miðað er við þá forsendu að það taki að meðaltali 2 mínútur að afgreiða hvert vottorð, má áætla rúmlega 350 klst. í tímasparnað hjá sýslumönnum, að ótöldu hagræði sem rafræn sjálfsafgreiðsla skilar fyrir þjónustuþega.

Embætti	Veðbókarvottorð
Sýslumaðurinn á Austurlandi	372
Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu	5.582
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra	916
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra	402
Sýslumaðurinn á Suðurlandi	1.115
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum	635
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum	484
Sýslumaðurinn á Vesturlandi	857
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	198
Samtals	10.561

Tafla 3. Dæmi um verkefni - afgreiðsla veðbókarvottorða árið 2018.

Tölur fengnar úr Tekjubókhaldskerfi ríkisins (TBR).

Annar hluti verkefna sýslumanna er þess eðlis að afgreiðslurnar fela aðallega í sér formákvörðun og því hlýtur umsækjandi þau réttindi sem hann sækist eftir ef lagaskilyrðum er fullnægt. Með því að bjóða t.d. upp á vefviðmót fyrir umsóknarferlið, eftir atvikum með tengingu í aðra opinbera gagnagrunna, væri að miklu leyti hægt að koma í veg fyrir að umsóknirnar krefjist efnislegrar umfjöllunar og endi þannig á borði starfsmanns sýslumanns.

Með því geta umsækjendur fengið skjóta afgreiðslu sinna erinda ásamt því að sleppa við umstangið sem fylgir því að koma umsókninni á næstu sýsluskrifstofu, eftir atvikum með fylgigögnum sem afla þarf annars staðar frá. Dæmi um erindi sem falla undir þennan flokk eru ýmis leyfi, ökuskírteini og þinglýsingar.

Hér á eftir er að finna töflu til upplýsingar um fjölda þinglýstra skjala og aflýsingar, ásamt upplýsingum um fjölda útgefinna leyfa og ökuskírteina árið 2018. Greining á tíma starfsmanna við afgreiðslu liggur ekki fyrir en miðað við fjöldann er ekki óraunhæft að áætla hagræðingu sem nemur a.m.k. nokkrum stöðugildum starfsmanna.

Embætti	Ýmis leyfi*	Ökuskírteini	Þinglýsingar**	Aflýsingar***
Sýslumaðurinn á Austurlandi	110	1.146	3.252	1.878
Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu	695	19.145	74.354	45.235
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra	188	3.253	10.736	5.735
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra	79	856	2.336	1.074
Sýslumaðurinn á Suðurlandi	400	2.932	11.805	5.072
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum	92	2.219	10.127	5.133
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum	107	769	2.504	1.135
Sýslumaðurinn á Vesturlandi	197	1.596	6.055	3.398
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	47	417	1.382	838
Samtals	1.915	29.401	122.551	69.498

Tafla 4. Dæmi um verkefni - einfaldar úrlausnir árið 2018.

Tölur fengnar úr ársskýrslu sýslumanna 2017-2018.

* Undir ýmis leyfi er flokkað áfengisleyfi (leyfi til framleiðslu, innflutnings og/eða heildsölu áfengis), bílasöluleyfi (leyfi til sölu notaðra ökutækja), brennuleyfi, friðlýsing æðavarps, gistileyfi í flokkum II-IV, happdrættisleyfi (minni happdrætti), iðnaðarleyfi, meistarábréf, tækifærisleyfi (leyfi til skemmtanahalds og tímabundin áfengisleyfi) og veitingaleyfi í flokkum I-III.

** Tölur um þinglýsingar standa fyrir fjölda þinglýstra skjala árið 2018 og endurspeglar því ekki alla vinnuna sem felst í þinglýsingum. Hafa ber í huga að mismikill tími fer í þinglýsingu skjals eftir

skjaltegund, auk þess sem skjal getur þurft að færa á fleiri en eina eign. Þá er hlutfallsskipting skjaltegunda milli embætta jafnframt ójöfn.

**** Tölur um aflýsingu standa fyrir fjölda aflýstra skjala með einkvæmt skjalnúmer. Hvert skjal getur hafa hvílt á fleiri en einni eign.*

Mesti þunginn í afgreiðslutíma sýslumanna liggur hins vegar í þeim hluta kjarnaverkefnanna sem krefjast aðkomu löglærðs fulltrúa eða sérfræðings og einkennist af skyldubundnu mati stjórnvalda við úrlausn erinda og formlegum fyrirtökum í málsmeðferðinni. Við þær aðstæður eru tækifærin fyrir framþróun og innleiðingu stafrænnar málsmeðferðar minni, en þó ekki útilokuð. Mikilvægt er að láta löggjöfina ekki standa í vegi fyrir framþróun og að skipta verkefnunum upp í áfanga með það að markmiði að greina hvar hagræðingarmöguleikar eru fyrir hendi meðan unnið er að endurskoðun laga. Það eitt að bjóða t.d. upp á rafræna innsendingu erinda og móttöku greiðslna, þannig að þjónustuvegar fái t.d. að senda inn erindi sín þegar þeim hentar og óháð staðsetningu, skilar ávinningi bæði fyrir almenning og sýslumenn. Við það sparast t.d. tími hjá sýslumönnum við að endurskrá þau atriði sem málsaðilar hafa þegar skráð á eyðublöðin og færslu gjalda fyrir þjónustuna. Óþarft er að eyða tíma starfsmanna sýslumanna í verk sem tölvukerfin geta hæglega afgreitt á greiðari hátt, heldur er betra að verja tímanum í að sinna þeim verkefnum sem krefjast ríkari aðgæslu og þjónustu. Mælingar á tímasparnaði sem fylgja slíkri þjónustu liggja ekki fyrir en ef aftur er miðað við þá forsendu að framangreindir þættir tengdir verkefnunum taki að meðaltali 2 mínútur, má áætla rúmlega 2.400 klst. í tímasparnað hjá sýslumönnum miðað við þann fjölda umsókna sem lagðar hafa verið fram hjá sýslumönnum undanfarin ár.

Hér á eftir er að finna upplýsingar um fjölda afgreiðslna árið 2018 í málaflokkum þar sem mögulegt er að flytja vissa verkþætti yfir í rafræna ferla og spara sýslumönnum þannig handtök við innskráningu og færslu gjalda:

Embætti	Fjárnáms- beiðnir	Dánarbús- mál	Fjölskyldu- mál	Lögbókanda- gerðir	Nauðungar- sölubeiðnir	Vega- bréf
Sýslumaðurinn á Austurlandi	538	71	152	84	145	896
Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu	13.802	1.417	3.519	6.677	2.986	20.461
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra	1.902	235	475	179	286	2.943
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra	380	70	76	37	97	654
Sýslumaðurinn á Suðurlandi	1.815	178	483	212	413	2.147
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum	2.022	133	474	130	302	2.153
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum	230	53	91	96	92	607
Sýslumaðurinn á Vesturlandi	634	118	226	59	141	1.623
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	162	36	54	44	46	361
Samtals	21.485	2.311	5.550	7.518	4.508	31.845

Tafla 5. Dæmi um ýmis verkefni sýslumannsembættanna.

Tölfræði unnin úr ársskýrslu sýslumanna 2017-2018 (Nýskráð mál/erindi).

Auk þess að gera breytingar á framangreindum verkþáttum við móttöku erinda, er ekki útilokað að tækifæri séu fyrir hendi til að leysa a.m.k. hluta kjarnaverkefnanna með sjálfvirkum hætti ef málsmeðferðarreglurnar yrðu endurskoðaðar. Mikilvægt er að greina nánar framkvæmdina og löggjöfina sem varðar verkefni sýslumanna með það að markmiði að hagræða í rekstri og bæta þjónustuna. Ljóst þykir að sum verkefni sýslumanna verður seint unnt að færa alfarið yfir í stafræna málsmeðferð vegna eðli þeirra og þarfa borgaranna á handleiðslu og leiðbeiningum og ber þar helst að nefna framhaldssölu eigna, sátta- og sérfræðiráðgjöf, sem og almenna leiðbeiningarskyldu sýslumanna. Tækifæri fyrir hluta rafrænnar og/eða stafrænnar málsmeðferðar eru þó eins og fyrr greinir ekki útilokuð en krefjast nánari greiningar og skipulagningar við innleiðingu.

3.6 Samantekt

Ljóst er að breytt verklag getur bætt þjónustu embættanna svo um munar. Með því að auka vægi rafrænnar og eftir atvikum stafrænnar þjónustu má að miklu leyti stuðla að þjónustueflingu embættanna og minnka vægi óskilvirkra ferla sem hafa einkennt sýslumannsembættin hingað til, þ.e. staðbundinnar þjónustu, oft og tíðum með formlegum fyrirtökum á grundvelli framlagðra skjala. Með auknu framboði stafrænna lausna skapast jafnframt tækifæri til að gera þjónustuna í senn miðlæga og sérhæfða, enda séu verkefni þá

að mestu eða öllu leyti unnin í gegnum tölvu. Að auki verður ekki horft fram hjá því að með aukinni stafrænni þjónustu skapast tækifæri fyrir embættin til að innleiða í auknum mæli sjálfvirkni við ákvarðanatökur en slíkt myndi vafalaust leiða til hagræðingar hjá embættunum og skjótari afgreiðslu fyrir umsækjendur. Hugmyndafræðin er að verulegu leyti svipuð þeirri sem verið er að innleiða með rafrænum þinglýsingum, en um fyrirmyndir má einnig benda á heimabankþjónustu, rafræn skil skattframtala og rafrænar tollaafgreiðslur. Nú þegar er unnið að innleiðingu rafrænnar stjórnsýslu á sviði þinglýsinga en fleiri málaflokkar sem krefjast eingöngu formlegrar afgreiðslu gætu fylgt sömu þróun a.m.k. að hluta, til dæmis meðferð fjárnámsmála, dánarbúa, lögræðismál, hluti sifjamála, sem og afgreiðslur umsókna um leyfi og skírteini (ökuskírteina sem dæmi). Til grundvallar ákvarðanatöku um hvaða afgreiðslur mætti færa yfir í stafræna og sjálfvirka afgreiðslu, að því gefnu að nauðsynlegar lagabreytingar fylgi, yrði að styðjast við eðli ákvarðana, þ.e. hvort um sé að ræða mál sem krefjist ekki efnislegrar umfjöllunar heldur eingöngu formákvörðunar til staðfestingar á því að lagaskilyrðum sé fullnægt. Ljóst þykir að tækifæri til hagræðingar eru fyrir hendi en að breytingarnar, bæði á stjórnsýsluframkvæmd og lögum, krefjast aðkomu ýmissa haghafa og endurskoðunar á gildandi löggjöf.

Auk framangreinds er unnt að bæta þjónustuna við íbúa landsins með því að færa afmarkaða verkþætti eins og upplýsingagjöf eða leiðbeiningar úr mannlegum samskiptum og yfir í rafræna upplýsingamiðlun. Til að mynda gæti það haft jákvæð áhrif á afgreiðsluna ef notendur ættu þess kost að leggja inn erindi með rafrænum hætti og fylgjast með stöðu mála rafrænt. Þá mætti jafnframt koma hluta verkefnanna sem fylgir þjónustunni í nútímalegra og notendavænna horf með því að miðla gögnum beint á milli stofnana í stað þess að borgarinn þurfi sjálfur að fara á marga staði til að sækja eða skila inn gögnum (e. OneStopShop).

Mörg kjarnaverkefnanna eru þess eðlis að þau þurfa ekki að vera háð staðbundnum valdheimildum sýslumanna og því mætti endurskoða núverandi fyrirkomulag og tryggja ráðherra auknar heimildir til verkaskiptingar milli sýslumanna óháð búsetu þjónustuþega. Með því að færa stóran hluta starfsemi embættanna úr skrifstofum sýslumanna og yfir í tölvuna, skapast tækifæri til að endurhugsa núverandi umdæmismörk og valdheimildir sýslumanna, enda skiptir þá minna máli gagnvart þjónustuþega hvar leyst er úr málinu.

Ýmis tækifæri eru til að bæta þjónustu sýslumannsembættanna og einfalda borgurunum að sækja þá þjónustu sem þegar er fyrir hendi með því að styrkja enn frekar samstarf embættanna við sveitarfélög í héraði. Hér þyrfti að skoða betur þá skörun sem er á verkefnum sýslumanna annars vegar og verkefnum sveitarfélaganna hins vegar. Þá er jafnframt mikilvægt að samhugur náist innan Stjórnarráðsins um að fylgja eftir þeirri stefnu sem lagt var upp með í frumvarpi til laga um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði og efla

embættin með nýjum verkefnum þegar hagræði skapast af stafrænni málsmeðferð. Með því er hægt að tryggja í auknum mæli jafnt aðgengi almennings að opinberri þjónustu óháð búsetu. Mikilvægt er að ráðast í frekari greiningar á þeim stjórnvöldum og verkefnum sem þegar eru í héruðum og móta framtíðarsýn um hvernig ríkið vilji koma þar fram.

Með því að fullnýta tækifærin fyrir sjálfsafgreiðslu vottorða og staðfestinga, svo sem yfirlita um framvindu skipta, staðfestinga úr ökuskírteina- og tekjubókhaldskerfi, staðfestinga/leyfisbréfa sífjamála og veðbókarvottorða, auk þess að auka framboð rafrænna eyðublaða, verður unnt að fækka óþarfa handtökum starfsmanna og spara þjónustuþegum kostnað og tíma sem færi ella í útfyllingu pappírsumsóknna og ferðalög á næstu sýsluskrifstofu eða á milli fleiri stofnana. Þótt ákvarðanatökan geti ekki í öllum tilfellum orðið sjálfvirk með rafrænum eyðublöðum, má ekki vanmeta hagræðinguna sem felst í því, bæði fyrir þjónustuþega og starfsmenn sýslumanna, að eftirláta tölvunum að vinna verkið.


4. Rekstrargjöld sýslumannsembættanna

Við greiningu á rekstrargjöldum sýslumanna kemur í ljós að stærstum hluta þeirra er varið í laun og launatengd gjöld, aðkeypta þjónustu og húsnæði. Sú staðreynd gefur tilefni til frekari greiningar á tækifærum til hagræðingar vegna rekstrarliðanna og um leið möguleika á því að styrkja embættin með því að draga úr útgjöldunum og verja þeim frekar í þarfari verkefni. Með því gætu embættin betur sinnt þeim verkefnum sem þeim eru falin með lögum og mætt þörfum almennings fyrir hraða og vandaða afgreiðslu.

Hér fyrir neðan er að finna töflu og graf til nánari skýringar á skiptingu helstu rekstrargjalda sýslumannsembættanna, miðað við rekstur ársins 2018.

Liður	Upphæð
Laun	2.218.981.463
Aðkeypt þjónusta	308.985.522
Húsnæði	218.018.304
Rekstrarvörur	47.742.479
Ferðir og fundir	21.754.899
Óflokkað – Gjöld	14.752.088
Bifreiðar og vélar	1.018.021
Rekstrarkostnaður	498.690
Sértekjur	20.584
Samtals	2.831.772.050

Tafla 6. Skipting rekstrargjalda 2018.



Mynd 1. Hlutfallsleg skipting rekstrargjalda 2018.

4.1 Laun starfsmanna

Árið 2018 námu launatengd útgjöld sýslumanna rúmlega 2,2 milljörðum króna eða um 78% af heildarrekstrarfé embættanna. Erfitt er að lækka hlutfall útgjaldanna án uppsagna en eftir sem áður eru tækifæri til breytinga vegna þessa liðar. Eins og fyrr greinir er mannauður embættanna frekar einsleitur og fyrst og fremst myndaður af lögfræðingum (fulltrúum) og skrifstofufólki, auk fáeinna sérfræðinga í sérverkefnum á landsvísu. Framundan eru ýmsar áskoranir við að bæta stafræna innviði og efla almennt upplýsingatæknimál embættanna. Eftir því sem þeirri vinnu miðar áfram má t.d. sjá fyrir sér að sýslumenn hafi meiri þörf fyrir tæknimenntað starfsfólk til að halda utan um tölvuþjónustu og eftir atvikum forritun upplýsingakerfa embættanna, enda muni tæknin leysa mörg þeirra verkefna sem sýslumenn sinna handvirkt í dag. Ætla má að með tímanum verði meiri þörf á öflugri stoðdeild í tæknimálum og því megi sjá fyrir sér að sú starfsgrein leysi að einhverju leyti af hólmi störf lögfræðinga og skrifstofufólks.

Við þessa breytingu skapast jafnframt tækifæri fyrir sýslumenn til að sinna núverandi verkefnum með vandaðri hætti, samhliða því að auka framboð opinberrar þjónustu. Undanfarið hafa myndast langir biðlistar eftir viðtölum og úrlausnum á vissum sviðum hjá einu sýslumannsembætti og því er mikilvægt að sú hagræðing sem myndast við breytt verklag verði í byrjun forgangsraðað til að bæta úr þeirri stöðu. Með tímanum má jafnframt sjá fyrir sér að unnt verði að fjölga verkefnum sýslumanna, með það að markmiði að tryggja aðgengi almennings að opinberri þjónustu óháð búsetu.

4.2 Aukin sérhæfing á landsvísu


Af eftirfarandi töflu má ráða að með því að horfa heildstætt á sýslumannsembættin og skipta verkefnum á milli starfsmanna út frá embættisverkunum frekar en umdæmismörkunum, megi hagræða í rekstri og bæta þjónustuna án þess að ráðast þurfi í uppsagnir eða auka fjárheimildir embættanna. Taflan er einföld í sniðum og byggist fyrst og fremst á svörum sýslumanna um fjölda stöðugilda í verkefnum og fjölda stofnaðra mála/erinda í starfskerfum sýslumanna og þinglýsingarvettvanginum árið 2018. Þrátt fyrir að erfitt sé að draga of víðtækar ályktanir af tölfræðinni vegna ólíkra aðstæðna embættanna, benda gögnin til þess að smærri embættin afkasti að jafnaði minna en stór eða meðalstór embætti. Mikilvægt er að umdæmismörkin séu ekki hamlandi við framkvæmd starfans og að sýslumönnum verði gert kleift að skipta með sér verkum með einfaldari og skilvirkari hætti en nú er, þ.e. við þær aðstæður þegar nálægðin við þjónustuþega skiptir minna máli. Þessi hugmynd krefst endurskoðunar á lögum nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnarsýslu ríkisins í héraði og eftir atvikum þeirri löggjöf sem um verkefnin gilda.

Embætti	Fjöldi mála	Fjöldi stöðugilda	Fjöldi á hvert stöðug.
Austurland	4.158	4,08	1.019
Höfuðborgarsvæðið	96.078	38,65	2.486
Norðurland eystra	13.634	7,845	1.738
Norðurland vestra	2.959	2,6	1.138
Suðurland	14.694	7,68	1.913
Suðurnes	13.058	7,03	1.857
Vestfirðir	2.970	3,4	874
Vesturland	7.174	4,8	1.495
Vestmannaeyjar	1.680	1,15	1.461

Tafla 7. Fjöldi fjölskyldu-, dánarbús-, fjárnáms- og nauðungarsöllumála ásamt fjölda þinglýstra skjala árið 2018.

Sundurliðun niður á málaflokka er birt í töflum 4 og 5.

Eftirfarandi mynd sýnir hlutfall af skráðum málum/erindum í starfskerfin og þinglýsingarvettvanginn, skipt niður á sýslumannsembættin.



Mynd 2. Hlutfall af samtölu allra málaflokka.

4.3 Aðkeypt þjónusta

Það vekur athygli að stærstu birgjarnir sem sýslumenn kaupa þjónustu frá eru hugbúnaðar- og tæknifyrirtæki, sbr. eftirfarandi töflu.

Þjónustuaðili	Gjöld 2017	Gjöld 2018	Heildarupphæð
Þjóðskrá Íslands	79.680.544	88.768.005	168.448.549
Íslandspóstur ohf.	35.677.418	31.589.388	67.266.806
Hugvit hf.	13.484.145	3.332.480	16.816.625
Valitor hf.	8.055.339	8.428.950	16.484.289
Advania Ísland ehf.	4.909.129	8.165.680	13.074.809
Síminn hf.	7.254.624	4.381.458	11.636.082
Creditinfo Lánstraust hf.	3.906.909	4.353.111	8.260.020
Sendibílastöðin hf.	6.967.813	299.000	7.266.813
Optima ehf.	3.446.927	3.319.277	6.766.204
Sensa ehf.	1.236.968	3.335.385	4.572.353
Hugsmiðjan ehf.	2.436.803	1.334.328	3.771.131
One Systems Ísland ehf.	582.621	2.249.242	2.831.863

Tafla 8. Aðkeypt hugbúnaðarþjónusta.

Við nánari greiningu gagna kemur í ljós að sýslumannsembættin standa ekki í öllum tilfellum saman að viðskiptum við ofangreinda birgja. Sem dæmi þá stóðu embættin á höfuðborgarsvæðinu og Suðurlandi að mestu leyti undir kostnaði vegna þjónustu Hugvits hf. og er skýringuna að finna í GoPro leyfum fyrir Lögbirtingablaðið og sífjamálin. Þá kaupa embættin á höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi vestra þjónustu af One Systems Ísland ehf. vegna málaskrákerfis og verkefna tengdum heimagistingu. Með sameiginlegu útboði og/eða aukinni innspýtingu í forritun starfskerfa sýslumanna má ná þessum kerfiseiningum í sama kerfi og um leið lækka útgjöld embættanna vegna þessara útgjaldaliða.

Kostnaður embættanna vegna þjónustu Íslandspósts er að hluta endurgreiddur af fjármála- og efnahagsráðuneytinu og því endurspeglar ofangreindar fjárhæðir ekki raunverulegan kostnað embættanna við póstsendingar. Eftir sem áður þykir ljóst að embættin bera talsverðan hluta af afleiddum kostnaði á hverju ári vegna framkvæmdar starfans og að unnt sé að lækka hann verulega með stafrænum birtingum. Takist í auknum mæli að birta ákvaðir og aðrar tilkynningar með stafrænum hætti, í stað ábyrgðarpósts eða stefnuvotta, má sömuleiðis hagræða í rekstri embættanna. Árið 2017 nam heildarkostnaður embættanna vegna birtinga af stefnuvottum rúmlega 71 m.kr. og árið 2018 rúmlega 83 m.kr.

Stærsti seljandi þjónustu til sýslumanna hefur undanfarið verið Þjóðskrá Íslands en árið 2018 nam kostnaður sýslumanna til stofnunarinnar rúmlega 88 m.kr. Hér á eftir er að finna sundurliðun á helstu þjónustuliðum sem embættin greiddu það árið til stofnunarinnar.

Kostnaðarliður	Gjöld 2017	Gjöld 2018	Heildarupphæð
Kostnaðarhlutdeild í sameiginlegri tölvuþjónustu	76.070.094	78.359.589	154.429.683
Tölvuvinnsla og rekstrarsamningar, rekstrarþjónusta	221.958	9.829.306	10.051.264
Viðhalds- og þjónustusamningar, ýmsir	1.835.033	-73.132	1.761.901
Afnotagjöld af skrá og tölvupóstþjónustu	1.173.600	320.680	1.494.280
Hugbúnaður	275.707	341.071	616.778
Hýsing	102.974	34.099	137.073
Önnur innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	1.178		1.178
Heildarupphæð	79.680.544	88.768.005	168.492.157

Tafla 9. Aðkeypt þjónusta frá Þjóðskrá - helstu þjónustuliðir.

Áður en tekin er ákvörðun um breytingar á viðskiptum við einstaka birgja, er þörf á frekari greiningu til að svara því hvort hagræðing fáið við það að sýslumenn taki a.m.k. að hluta við þjónustunni og/eða bjóði hana út.

4.4 Húsaleiga

Stórum hluta af rekstrarheimildum embættanna er varið í húsaleigu eða um 157 m.kr. árið 2018. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum er húsnæði sýslumanna á landsbyggðinni oft illa nýtt en sú staðreynd skýrist að hluta af sögu embættanna og verkefnaflutningi frá þeim. Með því að nýta húsnæðið til fulls, hvort sem það yrði fyrir eigin starfsemi eða útleigu til annarra stofnana hins opinbera, mætti lækka ýmsan kostnað sem fylgir rekstri þess og nýta fjármunina betur í þágu verkefnanna. Að auki þykir rétt að endurskoða húsnæðisþörf embættanna, þ. á m. staðsetningar skrifstofanna, eftir því sem ferðum á skrifstofurnar fækkar vegna aukinnar notkunar rafræna lausna.

Eftirfarandi tafla sýnir helstu kostnaðarliðina sem öll sýslumannsembættanna báru árin 2017 og 2018 vegna húsnæðis.

Kostnaðarliður	Gjöld 2017	Gjöld 2018	Heildarsumma
Húsaleiga	150.607.629	156.917.898	307.525.527
Ræsting	32.002.928	32.678.020	64.680.948
Rafmagn	8.335.590	7.638.509	15.974.099
Heitt vatn	6.826.803	7.509.847	14.336.650
Kostnaðarhlutdeild í sameiginlegu húsnæði	6.817.837	5.507.006	12.324.843
Sorphreinsun	2.260.854	2.254.419	4.515.273
Önnur verkkaup	2.345.856	1.631.401	3.977.257
Endurvinnsla og gagnaeýðing	1.530.759	923.242	2.454.001
Einkaframkvæmdir, húsnæði	2.311.076		2.311.076
Hreinlætisvörur, ræstingavörur	1.130.428	974.766	2.105.194
Annar kostnaður	1.672.652	1.983.196	3.655.848

Tafla 10. Sundurliðun gjalda vegna húsnæðis embættanna.

4.5 Samantekt

Einn af stærstu útgjaldaliðum sýslumanna er launakostnaður. Með því að horfa heildstætt á sýslumannsembættin og skipta verkefnum á milli starfsmanna út frá embættisverkum frekar en umdæmismörkum, þykir líklegt að ná megi fram hagræðingu í rekstri án þess að grípa þurfi til íþyngjandi aðgerða.

Það liggur fyrir að mannauður sýslumannsembættanna er frekar einsleitur og að því séu tækifæri til að auka fjölbreytnina og aðlagast breyttum tímum með ráðningu m.a. tækni-menntaðra starfsmanna. Áframhaldandi innleiðing rafrænna ferla og aukning í sjálfs-afgreiðslu mun gera það að verkum að handtökum starfsmanna fari fækkandi og við því má bregðast með flutningi nýrra verkefna til embættanna, sem miðar að því að bæta framboð opinberrar þjónustu í héraði. Með því að fela sýslumönnum aukin verkefni þegar framangreindar breytingar koma til framkvæmda, er jafnframt unnt að tryggja að breytt starfsumhverfi hafi ekki áhrif á þjónustu sýslumanna.

Með því að færa kjarnaverkefni í auknum mæli undan umdæmismörkum sýslumanna yrði unnt að gera málsmeðferðina miðlæga og sérhæfðari auk þess að samræma hana betur á landsvísu. Aukin sérhæfing þykir líkleg til að auka afköst starfsmanna og leiða til einfaldari og skilvirkari ferla, sem aftur mun skila sér í hagræðingu fyrir embættin. Þjónustan yrði fyrir vikið skilvirkari og notendamiðaðri enda yrðu borgararnir ekki bundnir af umdæmismörkum embættanna og gætu fengið þjónustu hvar sem er á landinu. Hvar eiginleg vinnsla umsókna og mála fer fram (bakvinnsla) hefur ekki áhrif á þjónustuþega ef tryggt er að þjónustan sé aðgengileg á sýsluskrifstofum og/eða í gegnum tölvu.

Nauðsynlegt er að rafvæða rekstrar- og þjónustugrundvöll embættanna og leita leiða til að nýta tæknina í auknum mæli við meðferð mála. Mikilvægt er að endurskoða upplýsingatæknimál sýslumanna og greina tækifærin til að lágmarka útgjöldin og ná a.m.k. hluta þeirra fjárheimilda aftur í rekstur embættanna.

Húsnæði sýslumanna á landsbyggðinni eru oft illa nýtt. Sýslumannsembættin hafa þegar greint tækifærin fyrir laus skrifstofurými en mikilvægt er að embættin greini núverandi þarfir starfsmanna nánar svo unnt verði að kynna sýsluskrifstofur í héruðum sem álitlegan kost til að hýsa fleiri verkefni og starfsmenn annarra stofnana. Með því geta embættin nýtt húsnæðið á skynsamari hátt samhliða því að lækka útgjöldin sem fylgja húsnæðinu og þannig skilað hagræðingu fyrir ríkissjóð. Þykir sú stefna jafnframt samræmast því markmiði sem lá til grundvallar frumvarpi er varð að lögum nr. 50/2014, um framkvæmdarvald og stjórnarsýslu ríkisins í héraði, þ.e. að embættin gegni hlutverki miðstöðva stjórnarsýslu ríkisins í héraði.

5. Umbótaverkefni

Eins og fram kemur í fyrri köflum þá benda greiningar ráðuneytisins og undanfarin vinna við umbótaverkefni til þess að sýslumannsembættin standi frammi fyrir ýmsum tækifærum til að bæta þjónustuna með auknu framboði stafrænna lausna, samhliða því að hagræða í rekstri með breyttu skipulagi og verklagi. Byggt á greiningunni og þeirri framtíðarsýn sem kynnt er hér frammar í skýrslunni eru hér sett fram skýr markmið og aðgerðir þeim tengdum sem talið er mikilvægt að verði í forgangi hjá embættunum næstu misserin. Þrátt fyrir að þörf sé á frekari greiningarvinnu til að staðreyna áhrif aðgerðanna, þykir ljóst að þær geti þjónað framangreindum markmiðum a.m.k. að hluta. Sett eru fram þrjú meginmarkmið sem talið er mikilvægt að verði í forgangi.

5.1 Meginmarkmið um bættu þjónustu

Skilgreina þarf sýslumannsembættin sem þjónustustofnun og líta á starfsemina sem eitt þjónustusvæði, þar sem nálgast má þjónustu embættanna hvar og hvenær sem er, allt eftir óskum og þörfum almennings.

Nauðsynlegt er að samræma og nálgast verkefnin sem um eitt embætti væri að ræða og skilgreina hvar ábyrgðin liggur, bæði fyrir starfsmenn embættanna og almenning. Setja þarf þjónustuna í forgang og samræma þjónustustig þvert á embættin, sem tekur m.a. til opnunartíma, framboðs þjónustu og tímabókana, verklags og málsmeðferðartíma, afkastagetu starfsmanna o.fl. Setja þarf fram markmið og mælikvarða sem sýna árangur í bættri þjónustu og ánægju viðskiptavina.

Helstu umbótaverkefni eru:

Efling stafrænnar þjónustu.

- Efling stafrænnar þjónustu felst m.a. í því að bjóða upp á rafræn/stafræn umsóknarferli, sjálfsafgreiðslu þjónustuþega, stafræna málsmeðferð þar sem því verður við komið og bætt aðgengi að upplýsingum. Þegar eðli mála útiloka stafræna málsmeðferð, t.d. þar sem handleiðsla eða afgreiðsla „yfir borðið“ er talin nauðsynleg, er eftir sem áður mögulegt að einfalda vinnulagið hjá sýslumönnum og stuðla að aukinni skilvirkni með því að taka á móti rafrænum umsóknum og greiðslu vegna innsendra erinda. Með framangreindum aðgerðum skapast tækifæri fyrir starfsfólk sýslumannsembættanna til að verja tímanum í mikilvægari verkefni, eins og það að stytta biðtímann í þeim málum sem krefjast aðkomu þeirra. Mikilvægt er að halda

þeirri vegferð áfram sem þegar er hafin og greina nánar ferla sýslumanna og möguleikana fyrir auknu framboði slíkrar þjónustu.

- Sýslumenn sinna útgáfu ýmissa staðfestinga og vottorða og er verklagið í grunninn einfalt og felst fyrst og fremst í uppfléttingu í opinberum kerfum, útprentun pappírs og stimplun. Þessum verkefnum er að mestu leyti hægt að sinna sjálfvirk af þjónustuþegum með uppfléttingu í tölvukerfum og þykja fyrirliggjandi gögn benda til þess að aukin eftirspurn sé eftir því að almenningur fái að afgreiða eigin erindi án tafa og fyrirhafnar. Dæmi um verkefni sem fellur hér undir er sakavottorð, sem nú þegar er hægt að fá afgreitt í sjálfsafgreiðslu.
- Með því að innleiða stafræna málsmeðferð í auknum mæli er unnt að auka skilvirkni afgreiðslunnar og bæta þjónustuna gagnvart borgurum landsins. Mikilvægt er að nýta lagaheimildirnar sem fyrir eru til fulls og bjóða upp á gagnvirk samskipti borgaranna og sýslumanna þar sem hindranir standa því ekki í vegi.
- Þar sem úrlausnir mála byggjast nær eingöngu á formákvörðunum, þ.e. staðfestingu á því að lagaskilyrðum sé fullnægt, er unnt að ná fram verulegri hagræðingu og stytta og einfalda málsmeðferðina fyrir þjónustuþega.

Endurskoðun umdæmismarka sýslumannsembættanna.

- Endurskoðun umdæmismarka og löggjafar er varðar kjarnaverkefni embættanna er mikið þarfaverk, sérstaklega á tímum þegar þörfin fyrir þjónustu „yfir borðið“ minnkar og lögheimili einstaklinga stýrir ekki þörfunum. Valdheimildir sýslumanna í kjarna-verkefnunum takmarkast að jafnaði af umdæmismörkum embættanna. Sú staða hamlar aukinni sérhæfingu á landsvísu og vandaðri verkaskiptingu milli starfsmanna embættanna. Með því að taka til endurskoðunar núverandi verkaskiptingu milli embættanna og leita leiða til að eyða hindrunum fyrir nánara samstarfi þeirra, væri unnt að finna leiðir til að auka sérhæfingu og afköst starfsmanna og tryggja að framkvæmdin verði samræmdari á landsvísu.
- Nauðsynlegt er að greina nánar löggjöfina, bæði lög nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnarsýslu ríkisins í héraði og sérlögin sem gilda um verkefnin, með það að markmiði að eyða hindrunum fyrir bættri þjónustu og verkaskiptingu milli embættanna. Einnig þarf að skoða lögin m.t.t. þess hvort unnt sé að einfalda málsmeðferðina og auka vægi stafrænnar málsmeðferðar, eftir atvikum með sjálfvirkni við ákvarðanatökur.

5.2 Meginmarkmið um bættu stjórnun og rekstur

Styrkja þarf Sýslumannaráð með því að tryggja því ótvírætt umboð til athafna. Mikilvægt er að Sýslumannaráð hafi vald til þess að taka af skarið í mikilvægum verkefnum sem varða öll embættin og að það verði leiðandi í stefnumótun og verkefnum málaflokksins.

Horfa þarf til þess að Sýslumannaráð hafi fjárráð sem veita má til sameiginlegra verkefna embættanna og til þess að standa undir miðlægum kostnaði. Mikilvægt er að ákvarðanir og innleiðing umbótaverkefna verði miðlað til starfsmanna með skýrum og greiðum hætti, auk þess að tengsl þvert á embættin verði eflað með aukinni upplýsingagiöf, t.d. með innleiðingu innra nets eða samráðssvæðis. Með því að hafa faglega þekkingu miðlæga, er unnt að samnýta hana af öllum embættunum og tryggja faglega stýringu og hagræðingu í rekstri málaflokksins.

Helstu umbótarverkefni eru:

Endurskoðun regluverksins sem gildir um Sýslumannaráð og úthluta því hluta af sameiginlegri fjárveitingu málaflokksins til þess að standa undir miðlægum verkefnum.

- Mikilvægt er að festa í sessi starfsmann Sýslumannaráðs til þess að tryggja skýra ábyrgð og bætt utanumhald með þeim verkefnum sem ráðið fer með. Miðlæg verkefni eru t.d. sameinaðar miðlægar stöðþjónustur, svo sem verkefni sem snúa að mannauðsmálum, persónuvernd, markaðsmálum, fjármálum og tæknimálum.
- Annað umbótaverkefni er að Sýslumannaráð hafi yfirumsjón með og stýri áframhaldandi þróun tæknimála. Vinna þarf stefnu fyrir upplýsingatæknikerfin, bæði sérkerfi og starfskerfi, og tryggja áframhaldandi þróun þeirra. Vinna þarf þarfagreiningu og framtíðarsýn, annars vegar fyrir skrifstofu- og rekstrarumhverfi og hins vegar upplýsingakerfin og tryggja að verkefnisáætlunum verði fylgt eftir.
- Sýslumannaráð þarf að vinna að markvissri endurmenntun stjórnenda og starfsmanna, ekki síst í ljósi þeirra breytinga sem fyrirsjáanlegar eru í tækni- og þjónustuviðmiðum.
- Stjórnendur þurfa að stýra og stíga inn í hlutverkið að vera leiðtogi og þar getur Sýslumannaráð veitt þeim góðan stuðning. Mikilvægt er að Sýslumannaráð verði sameiginlegur vettvangur fyrir sýslumenn við mótun þriggja ára stefnumiðaðra áætlana og að stjórnendur fylgi þeim eftir. Ráðuneytið þarf að tryggja að eftirfylgni verði með árangri forstöðumanna í þeim efnum. Sýn þeirra á starfsemi viðkomandi embættis og áherslur yrðu metnar reglulega í frammistöðusamtölum í samræmi við mælikvarða áætlanna.
- Lagt er til að hæfisskilyrði sýslumanna verði endurskoðuð enda hafi eðli starfsemi sýslumannsembætta breyst stórkostlega á síðustu árum. Framtíðarverkefni munu

snúast um þjónustu, tækni og sjálfvirkni auk þess sem mikilvægt verður að styrkja sérfræðipækkingu í þeim verkefnum þar sem mannshöndin þarf að koma að. Mikilvægt er að hæfni stjórnanda embættis endurspegli þarfir samfélagsins hverju sinni.

5.3 Meginmarkmið um aukið framboð þjónustu

Vinna þarf aðgerðaáætlun um þau verkefni sem fela á sýslumönnum í samræmi við framtíðarsýn málaflokksins og áherslur um aukið framboð opinberrar þjónustu í héraði.

Miðað er við að sýslumönnum verði næstu árin falin aukin verkefni þannig að unnt verði að bæta þjónustuna samhliða hagræðingu í ríkisrekstri. Horft er til þess að verkefni sem krefjast ekki nálægðar við íbúa verði sinnt miðlægt á landsvísu og að mestu með rafrænum hætti, enda séu hvorki umdæmismörkin né framkvæmdin og eðli verkefnanna hamlandi.

Í janúar 2015 birtu forsætisráðuneytið og innanríkisráðuneytið skýrslu um flutning verkefna til sýslumannsembættanna sem hafði að geyma aðgerðaáætlun um flutning stjórnsýsluverkefna til embættanna. Við samningu skýrslunnar var leitað til annarra ráðuneyta og undirstofnana þeirra og þau beðin um að greina eigin stjórnsýsluverkefni með tilliti til þess hvort einhver þeirra gætu flust til embætta sýslumanna. Við greininguna var byggt á því hvort verkefnaflutningurinn yrði til þess að bæta stjórnsýslu og þjónustu ríkisins og auka skilvirkni stjórnsýslunnar, m.a. með breytingum á skipulagi, samræmingu á stoðþjónustu, sameiningu stofnana og tilflutningi á milli sviða.

Eins og fyrr greinir býr ráðuneytið yfir fjölda hugmynda sem að mestu krefjast nánari greiningar á umfangi og verklagi, ásamt samráði við sýslumenn, aðrar stofnanir og önnur ráðuneyti áður en raunhæft er að taka stefnumarkandi ákvörðun um flutning þeirra. Margt hefur gerst frá því fyrrgreind skýrsla var birt í janúar 2015, svo sem betri samgöngur, aukin sérhæfing og tækniþróun, og gefa breyttar aðstæður tilefni til þess að endurvekja fyrri aðgerðaáætlun og kanna á ný tækifærin fyrir verkefnaflutning, að teknu tilliti til þeirra hugmynda sem dómismálaráðuneytið hefur haft til skoðunar.

6. Viðauki: Sérverkefni sýslumanna

6.1 Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Veiting leyfa til ættleiðinga sbr. 1. gr. laga nr. 130/1999 um ættleiðingar og reglugerð nr. 1264/2011 um veitingu leyfa til ættleiðingar.

Afgreiðsla nauðungarvistana sbr. breytingu á lögræðislögum nr. 71/1997.

Löggilding fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala á landsvísu, sbr. reglugerð nr. 1123/2006 um löggildingu fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala með síðari breytingum.

Annast skráningu leyfa til heimgistingar.

6.2 Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Allsherjarskrá um kaupmála, sbr. reglugerð nr. 1126/2006 um vistun allsherjarskrár um kaupmála.

Umsjón gjafsóknarmála.

6.3 Sýslumaðurinn á Vestfjörðum

Álagning og innheimta vanrækslugjalds samkvæmt 38. gr. reglugerðar nr. 8/2009 um skoðun ökutækja. Innheimtu vanrækslugjalds er sinnt í útibúinu á Ísafirði.

Rekstur skönnunarmiðstöðvar á Ísafirði þar sem eldri þinglýst skjöl fyrir allt landið eru færð yfir á rafrænt form.

Umsjón með vef sýslumanna, www.syslumenn.is

6.4 Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra

Framkvæmd laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Rekstur innheimtumiðstöðvar, sem sér um innheimtu eftirtalinna krafna:

Sektir og sakarkostnaður

Endurkröfur bóta sem ríkissjóður hefur greitt þolendum afbrota

Endurkröfur vegna gjafsóknarmála

Stjórnvaldssektir, féviti, dagsektir, sáttir og eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitsins

Kröfur sem Tryggingastofnun ríkisins hefur innt af hendi umfram rétt

Endurkröfur vegna ofgreiðslna hjá Vinnumálastofnun

Dagsektir Vinnueftirlits

Stjórnvaldssektir sýslumanna

Dagsektir Persónuverndar

Endurkröfur vegna ofgreiddra húsnæðisbóta

Dagsektir og stjórnvaldssektir Matvælastofnunar

6.5 Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Rekstur skrifstofu bótanefndar skv. lögum nr. 69/1995 um greiðslu bóta til þolenda afbrota.

Umsjón verkefna sem sýslumanni eru falin skv. lögum nr. 47/2010 um sanngirnisbætur.

Útgáfa leyfisbréfa til starfsréttinda héraðsdóms- og hæstaréttarlögmannna og önnur umsjón þeirra verkefna sem sýslumönnum eru falin á grundvelli laga nr. 77/1998 um lögmennt, sbr. lög nr. 145/2013.

Skráning og eftirlit með skráðum trúfélögum og lífsskoðunarfélögum á grundvelli laga nr. 108/1999 um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög og reglugerðar 106/2014.

Ákvarðanir um kvaðaarf skv. 1. og 2. mgr. 50. gr. erfðalaga nr. 8/1962, sbr. reglugerð nr. 108/2014 um ákvarðanir varðandi kvaðabindingu arfs og niðurfellingu kvaðar.

Útgáfa leyfa til dreifingar á ösku látins manns utan kirkjugarðs, sbr. reglugerð nr. 104/2014 um breytingu á reglugerð nr. 203/2003.

Útgáfa leyfa til tilfærslu líka í kirkjugarði eða flutning þeirra í annan kirkjugarð eða í grafreit, sbr. reglugerð nr. 105/2014.

6.6 Sýslumaðurinn á Austurlandi

Viðurkenning á starfsréttindum iðnaðarmanna á evrópska efnahagssvæðinu.

Verkefni samkvæmt samstarfssamningi við embætti tollstjóra vegna afgreiðslu bílferjunnar Norrænu.

Innheimta fjallskilagjalda í Loðmundarfirði skv. ákvæðum laga nr. 40/1972 um sameiningu Borgarfjarðarhrepps og Loðmundarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu í einn hrepp.

Aðstoð og þjónusta við Samgöngustofu og viðskiptamenn hennar vegna innflutnings og nýskráningar bifreiða.

6.7 Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Útgáfa happdrættisleyfa, sbr. lög nr. 38/2005 um happdrætti.

Útgáfa leyfa til þeirra sem vilja reka útfararþjónustu.

Færsla bókhalds fyrir fjögur íslensk sendiráð.

Útgáfa Lögbirtingablaðsins.

Leyfi til opinberra fjársafnana samkvæmt lögum nr. 5/1977 um opinberar fjársafnanir og reglugerð.

6.8 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

Löggilding skjalaþýðenda og dómtúlka samkvæmt reglugerð nr. 1122/2006 um löggildingu dómtúlka og skjalaþýðenda.

Auðkennahreinsun og birting úrskurða dómsmálaráðuneytis á sviði fjölskyldumála á innri vef sýslumanna.

Rafræn útgáfa reglugerðasafnsins.

Útgáfa yfirlýsinga vegna fyrirhugaðrar stofnunar hjúskapar erlendis.

6.9 Sýslumaðurinn á Suðurnesjum

Afgreiðsla stefnubirtinga samkvæmt Haag-samningnum um birtingar á réttarskjölum og utanréttarskjölum í einkamálum og verslunarmálum.

Stefnubirtingar á grundvelli Norðurlandasamnings um gagnkvæma dómsmálaaðstoð frá 26. maí 1975.

